Dómkröfur: Fyrir hönd stefnanda eru gerðar þær kröfur að dæmt verið að stefndi sé faðir stefnanda Sólons Amírs Adnans, kt. 091213-2220. Gerð er krafa um að stefndi verði dæmdur til að greiða einfalt meðlag með stefnanda frá 1. janúar 2014 til fullnaðs 18 ára aldurs stefnanda. Meðlag skal vera jafn barnalífeyrir, eins og hann er ákveðinn samkvæmt lögum um almannatryggingar á hverjum tíma. Þá er að auki krafist að þóknun lögmanns stefnanda verði greidd úr ríkissjóði skv. tímaskýrslu sem lögð verður fram á síðari stigum málsins eða samkvæmt ákvörðun dómsins, svo og annar málskostnaður stefnanda, þ.m.t. kostnaður við öflun mannfæðisráðgjafrafræðilegra rannsókna, sbr. 11. gr., sbr. 22. gr. barnalaga nr. 76/2003 og við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til þess að stefnandi hefur ekki frádrátt á móti virðisaukaskatti sem hann þarf að greiða á lögmannskostnað.

Nánari dvalarstaður stefnda í Manchester, Englandi, er óþekktur og af þeim sökum er nauðsynlegt að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Ómar Karl Jóhannesson hdl., PACTA lögmennum, Kirkjubraut 14, Akranesi, fer með mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Málsatvik: Drengurinn Sólón Amír Adnan fæddist þann 9. desember 2013. Snemma þess sama árs var móðir stefnanda búsett í Manchester í Englandi þar sem hún hafði tekið að sér að vera au pair hjá fjölskyldu í borginni. Móðir stefnanda segist hafa kynnst stefnda þar og að þau hafi átt í stuttu kynferðislegu sambandi í febrúar og mars en á því tímabili átti getnaður sér stað miðað við fulla meðgöngu. Móðir stefnanda segist ekki hafa átt í sambandi við neinn annan á þessum tíma og sé stefndi því sá eini sem komi til greina sem faðir stefnanda.

Stuttu eftir að móðir stefnanda og stefndi slitu sambandinu lauk dvöl hennar sem au pair í Manchester skyndilega og yfirgaf hún því England. Fór hún þá til Noregs og varð fljótlega eftir komuna þangað vör við að hún væri ófrísk. Setti hún sig þá í samband við stefnda og tjáði honum hvernig komið væri. Viðbrögð stefnda urðu þau að hann vildi ekki vita af barninu. Á meðan á meðgöngunni stóð og eftir fæðingu stefnanda hefur móðir hans reynt að halda sambandi við stefnda í gegnum síma og með Facebook-skilaboðum en svör stefnda voru framan af mjög stopul og hafa verið nánast engin nú í nokkurn tíma.

Stefndi hefur tjáð móður stefnanda að hann vilji ekki að foreldrar sínir viti af barninu og að hann muni ekki viðurkenna faðerni stefnanda. Móður stefnanda er ekki kunnugt um heimilisfang stefnda í Manchester, Englandi. Lögmaður stefnanda sendi stefnda skilaboð í gegnum rafrænar samskiptaleiðir þann 27. apríl 2015 og óskaði eftir því að stefndi veitti upplýsingar um heimilisfang svo birta mætti honum stefnu í máli þessu. Stefndi svaraði því engu og hefur því ekki tekist að upplýsa um heimilisfang stefnda. Í ljósi þessa er stefnandi nauðbeygður til þess að höfða mál þetta og krefjast þess að faðerni hans verði staðfest.

Málsástæður og lagarök: Mál þetta er höfðað á grundvelli

II. kafla barnalaga nr. 76/2003, en stefnanda er nauðugur einn kostur að höfða faðernismál þetta svo unnt sé að feðra hann. Samkvæmt 2. mgr. 10. gr. sömu laga skal stefnt þeim mönnum eða manni sem eru taldir hafa haft samfarir við móður á getnaðartíma barns. Stefnandi styður mál sitt með þeim rökum að móðir stefnanda hafi lýst því yfir að hún hafi eingöngu haft samfarir við stefnda á getnaðartíma barnsins og því ljóst að engin annar en stefndi komi til greina sem faðir stefnanda. Krafa stefnanda um viðurkenningu á faðerni styðst við þá skyldu sem hvílir á móður barns að feðra barn sitt skv. 1. gr. barnalaga en barnið á ríka hagsmuni af því að vera rétt feðrað, sbr. 5. mgr. 4. gr. sömu laga, með vísan til 15. gr. barnalaga.

Um varnarþing er vísað til 9. gr. barnalaga nr. 76/2003 og málsaðild á 10. gr. sömu laga.

Krafan um greiðslu meðlags er reist á 53. gr. og 6. mgr. 57. gr. barnalaga nr. 76/2003.

Krafan um málskostnað byggir á 11. gr. barnalaga nr. 76/2003, en samkvæmt ákvæðinu skal greiða þóknun lögmanns auk annars málskostnaðar úr ríkissjóði þegar svo ber undir að barn er stefnandi máls. Ennfremur er vísað til 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 í þessu efni. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun byggir á lögum nr. 50/1988 en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber því nauðsyn til þess að fá skattinn tildæmdan úr hendi stefnda.

Framlagning gagna: Við þingfestingu málsins hyggst stefnandi leggja fram:

Nr. 1: Stefnu þessa.

Nr. 2: Skrá um framlögð skjöl.

Nr. 3: Fæðingarvottorð barnsins Sólon Amír Adnan, dags. 20. maí 2014.

Nr. 4: Yfirlýsing móður stefnanda um faðerni og beiðni um faðernisviðurkenningu (e. Statement of paternity), dags. 4. júlí 2014.

Nr. 5: Lögbirtingablað með stefnubirtingu.

Áskilinn er réttur til að leggja fram frekari gögn undir rekstri málsins. Áskilinn er og réttur til að kalla til aðila og vitni til að gefa skýrslur fyrir dómi.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með Adnan Khalil, til þess að mæta er mál þetta verður þingfest á dómþingi héraðsdóms Vesturlands, þriðjudaginn 16. júní kl. 14.00 í héraðsdómi Vesturlands við Bjarnarbraut 8, Borgarnesi, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og til að leggja fram gögn af sinni hálfu, ella mega þau búast við að útivistardómur gangi í málinu. Stefnufrestur er einn mánuður.

Akranesi, 5. maí 2015.

Fyrir hönd stefnanda,

PACTA lögmennt,

Ómar Karl Jóhannesson hdl.

(2015008782)

Útgáfud.: 15. maí 2015

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Gyðu-, Iðu- og Fannarfell, húsfélag, kt. 420596-2789, Suðurlandsbraut 30, Reykjavík, fyrirsvarsmaður Jónas Sigfússon, kt. 171274-3899, formaður stjórnar.

Stefndu: Bolanle Rebecca Akpaette, kt. 070279-2669 og Daniel F. Akpaette, kt. 200272-2859, bæði með óþekkt heimilisfang í Nígíríu.

Málflutningsumboð: Pétur Már Jónsson hdl. rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 20.400, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 sbr. III. kafla,

af kr. 2.550 frá 1. október 2014 til 1. nóvember 2014,

af kr. 5.100 frá 1. nóvember 2014 til 1. desember 2014,

af kr. 7.650 frá 1. desember 2014 til 1. janúar 2015,

af kr. 10.200 frá 1. janúar 2015 til 1. febrúar 2015,

af kr. 12.750 frá 1. febrúar 2015 til 1. mars 2015,

af kr. 15.300 frá 1. mars 2015 til 1. apríl 2015,

af kr. 17.850 frá 1. apríl 2015 til 1. maí 2015,

af kr. 20.400 frá 1. maí 2015 til greiðsludags.

Þá er stefndu jafnframt stefnt til að þola staðfestingu á lögveðsrétti í eignarhluta sínum, Gyðufelli 2, Reykjavík, fastanr. 205-2444, til tryggingar ofangreindri kröfu á tímabilinu frá október 2014 til og með maí 2015, auk dráttarvaxta og málskostnaðar, sbr. 48. gr. laga nr. 26/1994.

Krafist er málskostnaðar skv. mati dómsins. Krafist er virðisaukaskatts á málskostnað. Áskilinn er réttur til að leggja fram málskostnaðarreikning verði tekið til varna í málinu.

Málsatvik og málsástæður: Skuld þessi er tilkomin vegna hússjóðs- og framkvæmdagjalda sem stefnandi lagði á stefndu vegna húsnæðis þeirra í fjöleignarhúsinu Gyðufelli 2, Reykjavík, fastanr. 205-2444, á tímabilinu frá október 2014 til og með maí 2015. Húsfélags- og framkvæmdagjöld þessi voru lögð á húsnæði stefndu á sama grundvelli og aðra eignarhluta í fjöleignarhúsinu, skv. lögum nr. 26/1994 um fjöleignarhús.

Kröfur þær sem krafist er greiðslu á, gjaldföllu sem hér segir:

Nr.	Útgáfudagur	Gjalddagi	Fjárhæð kr.
1.	1. október 2014	1. október 2014	2.550
2.	1. nóvember 2014	1. nóvember 2014	2.550
3.	1. desember 2014	1. desember 2014	2.550
4.	1. janúar 2015	1. janúar 2015	2.550
5.	1. febrúar 2015	1. febrúar 2015	2.550
6.	1. mars 2015	1. mars 2015	2.550
7.	1. apríl 2015	1. apríl 2015	2.550
8.	1. maí 2015	1. maí 2015	2.550

Samtala vangreiddra hússjóðs- og framkvæmdagjalda sbr. ofangreinda sundurliðun nemur kr. 20.400 og er það stefnufjárhæð þessa máls, auk vaxta. Heimild til álagningarinnar og greiðsluskylda stefndu byggja á meginreglum samninga- og kröfuréttar, auk l. 26/1994 um fjöleignarhús, sbr. 47. gr. laganna.

Framangreindar kröfur njóta lögveðsréttar í eign stefndu í samræmi við 48. gr. l. 26/1994 um fjöleignarhús og er krafist staðfestingar á þeim rétti auk dráttarvaxta og málskostnaðar.

Allt í samræmi við heimild 48. gr. sl.

Stefndu eru með skráð lögheimili í Nígeríu, skv. upplýsingum úr Þjóðskrá Íslands og ómögulegt að afla frekar upplýsinga um heimilisfang, sbr. tölvupóst frá Utanríkisráðuneytinu, dskj. nr. 7. Þar sem upplýsinga er ekki unnt að afla um hvar megi birta stefnu samkvæmt almennum reglum, er því nauðsynlegt að birta stefnuna í Lögbirtingablaði sbr. 89. gr. laga nr. 91/1991.

Stefnandi er ekki virðisaukaskattsskyldur aðili og er því þörf á að fá þann skatt tildæmdan í samræmi við lög um virðisaukaskatt nr. 50/1988.

Vegna ákvörðunar um málskostnað er þess krafist að tekið verði tillit til þess kostnaðar sem stefnandi verður fyrir vegna málsins sbr. dskj. nr. 4. kr. 23.722 svo og útlagðan kostnað við stefnubirtingu og þingfestingu þessa máls, til viðbótar við ákvörðun málskostnaðar, allt í samræmi við tilkynningu dómstólaráðs nr. 3/2012. Mál þetta fellur undir b. lið 4. gr framangreindra reglna dómstólaráðs, enda er hér um viðameiri innheimtumál að ræða þar sem og einnig er krafist staðfestingar á lögveðrétti.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir og er stefnanda því nauðsynlegt að höfða mál á hendur stefndu til greiðslu hennar. Gerðar eru ítrustu kröfur samkvæmt lögum.

Lagarök: Stefnandi reisir kröfur sínar á lögum nr. 26/1994 um fjöleignarhús, aðallega 47. gr. & 48. gr. laganna og meginreglum samninga og kröfuréttar sem fá stoð í lögum 50/2000 um lausafjárkaup og lögum nr. 7/1936 um samningsgerð umboð og ógilda löggerninga.

Málið er rekið samkvæmt ákvæðum laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Kröfu um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 með síðari breytingum, sbr. 6. gr. og 12. gr. laganna.

Málskostnaðarkrafa stefnanda er í samræmi við XXI. kafla laga nr. 91/1991 og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefnandi er ekki virðisaukaskattsskyldur og ber því nauðsyn til að tekið verði tillit til skyldu hans til að greiða virðisaukaskatt við ákvörðun málskostnaðar sbr. ákvæði laga nr. 50/1988 þar sem lögmönnum er gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni. Varðandi varnarþing vísast til 34. gr. laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram:

1. Stefnu þessa.
2. Skrá yfir framlögð gögn.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til frekari gagnaöflunar og framlagningar, sem og til að koma að frekari málsástæðum og atvikum á síðari stigum, allt eftir því sem varnir stefnda gefa tilefni til. Ennfremur áskilur stefnandi sér rétt til að leiða fyrir dóm aðila og önnur vitni.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með ofangreindum til að mæta er mál þetta verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður að/í dómsal 102 í Dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, þann 25. júní 2015, kl. 10.00, til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í rétt lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til sakar og dóm að þola í ofangreinda átt. Að öðrum kosti má búast við að útivistardómur gangi. Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 6. maí 2015.

F. h. stefnanda,

Pétur Már Jónsson hdl.

(2015008783

Útgáfud.: 15. maí 2015

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Starengi 8-20b, húsfélag, kt. 460696-2409, Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík, fyrirsvarsmaður Stefán Páll Ágústsson, kt. 171274-3899, formaður stjórnar.

Stefndu: Elvar Þór Guðmarsson, kt. 280677-5909, Breiðuvík 18, 112 Reykjavík, Mark Borostyan, kt. 291285-2799, Starengi 12, 112 Reykjavík og Máté Luka-Barca, kt. 230588-3419, með óþekkt heimilisfang í Ungverjalandi.

Málflutningsumboð: Pétur Már Jónsson hdl. rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 53.160, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 sbr. III. kafla,

af kr. 8.860 frá 1. nóvember 2014 til 1. desember 2014,

af kr. 17.720 frá 1. desember 2014 til 1. janúar 2015,

af kr. 26.580 frá 1. janúar 2015 til 1. febrúar 2015,

af kr. 35.440 frá 1. febrúar 2015 til 1. mars 2015,

af kr. 44.300 frá 1. mars 2015 til 1. apríl 2015,

af kr. 53.160 frá 1. apríl 2015 til greiðsludags.

Þá er stefndu jafnframt stefnt til að þola staðfestingu á lögveðsrétti í eignarhluta sínum, Starengi 12, Reykjavík, fastanr. 222-1542, til tryggingar ofangreindri kröfu á tímabilinu frá nóvember 2014 til og með apríl 2015, auk dráttarvaxta og málskostnaðar, sbr. 48. gr. laga nr. 26/1994.

Krafist er málskostnaðar skv. mati dómsins. Krafist er virðisaukaskatts á málskostnað. Áskilinn er réttur til að leggja fram málskostnaðarreikning verði tekið til varna í málinu.

Málsatvik og málsástæður: Skuld þessi er tilkomin vegna hússjóðs- og framkvæmdagjalda sem stefnandi lagði á stefndu vegna húsnæðis þeirra í fjöleignarhúsinu Starengi 12, Reykjavík, fastanr. 222-1542, á tímabilinu frá nóvember 2014 til og með apríl 2015. Húsfélags- og framkvæmdagjöld þessi voru lögð á húsnæði stefndu á sama grundvelli og aðra eignarhluta í fjöleignarhúsinu, skv. lögum nr. 26/1994 um fjöleignarhús.

Kröfur þær sem krafist er greiðslu á, gjaldféllu sem hér segir:

Nr.	Útgáfudagur	Gjalddagi	Fjárhæð kr.
1	1. nóvember 2014	1. nóvember 2014	8.860
2	1. desember 2014	1. desember 2014	8.860
3	1. janúar 2015	1. janúar 2015	8.860
4	1. febrúar 2015	1. febrúar 2015	8.860
5	5. 1. mars 2015	1. mars 2015	8.860
6	1. apríl 2015	1. apríl 2015	8.860

Samtala vangreiddra hússjóðs- og framkvæmdagjalda sbr. ofangreinda sundurliðun nemur kr. 53.160 og er það stefnufjárhæð þessa máls, auk vaxta. Heimild til álagningarinnar og greiðsluskylda stefndu byggir á meginreglum samninga- og kröfuréttar, auk l. 26/1994 um fjöleignarhús, sbr. 47. gr. laganna.

Framangreindar kröfur njóta lögveðsréttar í eign stefndu í samræmi við 48. gr. l. 26/1994 um fjöleignarhús og er krafist staðfestingar á þeim rétti auk dráttarvaxta og málskostnaðar. Allt í samræmi við heimild 48. gr. sl.

Stefndi Máté Luka-Barca er með skráð lögheimili í Ungverjalandi skv. Þjóðskrá Íslands, en engar frekari upplýsingar eru um lögheimili hans þar samkvæmt tölvupósti frá Þjóðskrá Íslands, dskj. nr. 7. Stefnanda er því nauðsynlegt að birta stefnuna í Lögbirtingablaðinu sbr. 89. gr. laga nr. 91/1991.

Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur aðili og er því þörf á að fá þann skatt tildæmdan í samræmi við lög um virðisaukaskatt nr. 50/1988.

Vegna ákvörðunar um málskostnað er þess krafist að tekið verði tillit til þess kostnaðar sem stefnandi verður fyrir vegna málsins sbr. dskj. nr. 4. kr. 26.070 svo og útlagðan kostnað við stefnubirtingu og þingfestingu þessa máls, til viðbótar við ákvörðun málskostnaðar, allt í samræmi við tilkynningu dómstólaráðs nr. 3/2014. Mál þetta fellur undir b. lið 4. gr framangreindra reglna dómstólaráðs, enda er hér um viðameiri innheimtumál að ræða þar sem og einnig er krafist staðfestingar á lögveðrétti.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir og er stefnanda því nauðsynlegt að höfða mál á hendur stefnda til greiðslu hennar. Gerðar eru ítrustu kröfur samkvæmt lögum.

Lagarök: Stefnandi reisir kröfur sínar á lögum nr. 26/1994 um fjöleignarhús, aðallega 47. gr. & 48. gr. laganna og meginreglum samninga og kröfuréttar sem fá stoð í lögum nr. 50/2000 um lausafjárkaup og lögum 7/1936 um samningsgerð umboð og ógilda löggæringa.

Málið er rekið samkvæmt ákvæðum laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Kröfu um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 með síðari breytingum, sbr. 6. gr. og 12. gr. laganna.

Málskostnaðarkrafa stefnanda er í samræmi við XXI. kafla laga nr. 91/1991 og l. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber því nauðsyn til að tekið verði tillit til skyldu hans til að greiða virðisaukaskatt við ákvörðun málskostnaðar sbr. ákvæði laga nr. 50/1988 þar sem lögmönnum er gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni. Varðandi varnarþing vísast til 34. gr. laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram:

1. Stefnu þessa.
2. Skrá yfir framlögð gögn.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til frekari gagnaöflunar og framlagningar, sem og til að koma að frekari málsástæðum og atvikum á síðari stigum, allt eftir því sem varnir stefnda gefa tilefni til. Ennfremur áskilur stefnandi sér rétt til að leiða fyrir dóm aðila og önnur vitni.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með ofangreindum til að

mæta er mál þetta verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður að/dómsal 102 í Dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, þann 25. júní 2015, kl. 10.00, til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í rétt lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til sakar og dóm að þola í ofangreinda átt. Að öðrum kosti má búast við að útvistardómur gangi.

Stefnufrestur er: Þrír sólarhringar gagnvart stefndu Elvari Þór Guðmarssyni og Mark Borostyan en ein mánuður gagnvart stefnda Máté Luka-Barca.

Reykjavík, 6. maí 2015.

F. h. stefnanda,

Pétur Már Jónsson hdl.

(2015008789

Útgáfud.: 15. maí 2015

Stefna - til lögskilnaðar

Sturla Jenson,
kt. 020173-4329,

Brekkutanga 16, Mosfellsbæ,

gjörir kunnugt: Að hann þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur eiginkonu sinni Gam Phuong Thi Nguyen, kt. 190386-4499, með lögheimili í Vietnam.

Dómkröfur: Þess er aðallega krafist að stefnanda verði með dómi veittur lögskilnaður við eiginkonu sína, Gam Phuong Thi Nguyen. Til vara er þess krafist að stefnanda verði með dómi veittur skilnaður að borði og sæng við fyrrnefnda eiginkonu.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu.

Málflutningsumboð: Jóhannes Ásgeirsson hrl., Suðurlandsbraut 10, Reykjavík, flytur mál þetta af hálfu stefnanda.

Málsatvik: Stefnandi fór til Vietnam í maí 2008 og kynntist þar konuefni sínu, stefndu, Gam Phuong Thi Nguyen. Eftir skammvinn kynni gengu þau í hjónaband í Ho Chi Minh City í Vietnam, þann 17. júní 2008, sbr. dskj. nr. 3. Stefnda flutti til Íslands í febrúar 2009 og bjuggu hjónin að Brekkutanga 16 í Mosfellsbæ. Hjónabandið gekk ekki eins og til var ætlast og flutti stefnda af landi brott um mitt ár 2010 að því er stefnanda minnir og að því er hann best veit fór hún aftur heim til Vietnam. Stefnda hefur ekki komið aftur til Íslands.

Stefnda er vietnamskur ríkisborgari og telur stefnandi hana búa í Vietnam eins og þegar þau kynntust á árinu 2008. Stefnandi hefur ítrekað reynt að hafa upp á heimilisfangi stefndu en án árangurs. Eins og fram kemur í endurriti úr hjónaskilnaðarbók sýslumannsins í Reykjavík, sbr. dskj. nr. 5, býr systir stefndu, Phuong Nhung Thi Nguyen, kt. 170783-2049, að Safamýri 54 í Reykjavík. Hún hefur ekki viljað tjá sig um dvalarstað systur sinnar. Stefnda hafði fram á haustið 2014 skráð lögheimili hjá stefnanda, sjá skattframtöl, dskj. nr. 4 en að tilhlutan Utlendingastofnunar var skráningu breytt og er hún nú með skráð lögheimili í Vietnam, sbr. dskj. nr. 9 en í tölvubréfi staðhæfir Þjóðskrá Íslands að stefnda hafi lögheimili í Vietnam, sjá og bréf til Þjóðskrár, dskj. nr. 8. Stefnandi og stefnda eru eignalaus, sbr. og

framlögð skattframtöl, dskj. nr. 4 og kemur því ekki til skipta á búi þeirra.

Stefnandi setti fram kröfu um lögskilnað hjá sýslumannsembættinu í Reykjavík, þann 13. september 2013, sbr. dskj. nr. 5. Sýslumaður vísaði málinu frá embættinu, með bréfi dags. 19. nóvember 2013, dskj. nr. 7, þar sem stefnda mætti ekki til fyrirtöku þrátt fyrir boðun.

Aðilar máls þessa eiga ekki börn saman.

Stefnandi þingfesti mál, E-5156/2014, þann 18. desember s.l. og voru dómkröfur þær sömu og hér greinir. Málinu var vísað frá, sbr. dskj. nr. 10, og var vísað til þess að birta hefði stefnuna á skráð lögheimili, Brekkutanga 16, Mosfellsbæ.

Stefnanda er nauðugur sá einn kostur að höfða mál þetta til þess að fá skilnað frá eiginkonu sinni.

Málsástæður og lagarök: Aðalkrafan er um lögskilnað og er í því sambandi vísað til 37. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993. Aðilar hafa ekki verið samvistum síðan um mitt ár 2010. Stefnanda er ókunnugt um heimilisfang stefndu og er því nauðsynlegt að dómstólar fjalli um kröfuna, sbr. 2. mgr. 41. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993.

Til vara er gerð krafa um að stefnanda verði veittur skilnaður á borði og sæng. Varðandi þá kröfu er vísað til 34. hjúskaparlaga nr. 31/1993. Stefnda hefur ekki sést á heimili stefnanda frá miðju ári 2010. Stefnda var með lögheimili að Brekkutanga 16, Mosfellsbæ en er nú með lögheimili á óþekktum stað í Vietnam og er því nauðsynlegt að dómstólar fjalli um kröfuna.

Þá er vísað til a. liðar 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, varðandi heimild til birtingar stefnu í Lögbirtingablaði.

Lögsaga: Um lögsögu er vísað til 114. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993.

Varnarþing: Varðandi varnarþing er vísað til 115. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993.

Málskostnaður: Um málskostnaðarkröfu stefnanda vísast til 130. gr. laga nr. 91/1991 og um virðisaukaskatt af henni til laga nr. 50/1988. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur aðili og ber því nauðsyn til að fá skattinn tildæmdan úr hendi stefndu.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram:

1. Stefnu.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Hjónavígsluvottorð á víetnömsku og ensku.
4. Skattframtöl 2009, 2010, 2011, 2012, 2013 og 2014.
5. Endurrit úr hjónaskilnaðarbók.
6. Boðun til sýslumannsins í Reykjavík.
7. Frávísun sýslumannsins í Reykjavík.
8. Bréf til Þjóðskrár.
9. Tölvubréf frá Þjóðskrár.
10. Úrskurður héraðsdóms Reykjavíkur.

Áskilnaður: Áskilinn er réttur til framlagningar frekari sönnunargagna, til að leiða fram vitni, hafa uppi mótmæli og reifa nýjar málsástæður og lagarök ef þörf krefur.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með Gam Phuong Thi Nguyen, kt. 190386-4499, með lögheimili á óþekktum stað í

Vietnam, til að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal 102 í Dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, kl. 10.00, fimmtudaginn 18. júní 2015, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar að hlýða, til sakar að svara og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefndu við þingfestingu málsins, má hún búast við því að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er 1 mánuður.

Reykjavík, 7. maí 2015.

F. h. stefnanda,

Jóhannes Ásgeirsson hrl.

(2015008794

Útgáfud.: 15. maí 2015

Stefna - lögskilnaðar- og forsjármál

Gróa Lísu Ómarsdóttir,
kt. 111290-3509,

Galtarholti 1, Borgarnesi,

gjörir kunnugt að hún þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Vesturlands á hendur Lucas Carneiro Valencio, kt. 270488-4719, lögheimili óþekkt en dvalarstað líklega í Brasilíu.

Dómkröfur stefnanda: Í fyrsta lagi gerir stefnandi kröfu um skilnað að borði og sæng.

Í öðru lagi að henni verði dæmd forsjá ólöggráða dóttur aðila, Lísu Camilu Carneiro Valencio, kt. 020111-2910, til 18 ára aldurs hennar sem og að lögheimili hennar verði hjá stefnanda.

Að stefnda verði gert að greiða stefnanda meðlag með stúlkunni til framfærslu hennar eins og barnalífeyrir er ákveðinn hverju sinni, frá dómssupplýðningu til 18 ára aldurs stúlkunnar.

Loks er krafist málskostnaðar samkvæmt málskostnaðarreikningi að viðbættum virðisaukaskatti eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en stefnandi hefur sótt um gjafsókn til gjafsóknarnefndar.

Málflutningsumboð: Helga Vala Helgadóttir hdl. flytur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Málavextir: Aðilar máls kynntust hér á landi í byrjun árs 2010 og bjuggu á heimili foreldra stefnanda í Borgarfirði þar til í lok maí sama ár þegar þau fóru saman til Brasilíu, hvaðan stefndi er. Dvöldu þau þar í rúma þrjá mánuði. Þegar stefnandi sneri aftur heim til Íslands var hún barnshafandi en ekki kom til greina í hennar huga að fæða barnið þar ytra. Stefndi kom til landsins skömmu síðar og átti hann í miklum vandræðum með að fá atvinnu sem hann sætti sig við. Gengu aðilar í hjónaband í lok október 2010 meðal annars í þeim tilgangi að afla stefnda dvalarleyfis hér á landi. Mánuði eftir brúðkaupið fór stefndi einn til Brasilíu, dvaldi þar í hálf tít en á þeim tíma fæddist dóttir aðila. Hitti stefndi dóttur sína fyrst þegar hún var fimm mánaða gömul er stefndi kom hingað til lands. Þjóðfjölkyldan í skamman tíma í Borgarfirði og var stefndi, líkt og í fyrri dvöl sinni hér á landi, án atvinnu þann tíma þar sem honum hugnaðist

engin vinna sem honum stóð til boða.

Stefndi vildi að fjölskyldan færi til Brasilíu og gæfi foreldrum hans kost á að kynna barninu. Stefnandi féllst á það en lét ætíð í ljós þann vilja sinn að búa á Íslandi og ala barnið upp hér á landi. Fjölskyldan hélt til Brasilíu um mitt ár 2011 í þeim tilgangi að dvelja úti í tvo til þrjá mánuði. Var tilgangur dvalarinnar sá að fjölskylda stefnda gæti hitt barnið og myndað við það einhver tengsl. Þegar upp var staðið bjó fjölskyldan í Brasilíu í tvö ár í lítilli íbúð sem þau deildu með foreldrum stefnda og við afar bágbornar aðstæður. Einungis eitt herbergi var í íbúðinni og sváfu stefnandi og stefnda um tíma á dýnum á gólfinu með barnið. Samkomulagið á heimilinu var afar vont og einkenndist af stöðugum hrópum og köllum milli stefnda og foreldra hans. Þá voru einnig tíð rifrildi milli foreldra stefnda. Foreldrar stefnda kröfðust þess að dóttir aðila talaði einungis portúgölsku og gerðu þau allt sem í þeirra valdi stóð til að koma barninu upp á móti móður sinni. Meðal annars gáfu þau barninu mikið af sætindum, leyfðu því stanslaust teiknimyndaáhorf og gerðu ekkert með athugasemdir stefnda þess efnis að slíkt væri barninu ekki til góðs. Hvorki stefnandi né stefnda voru með atvinnu í Brasilíu og höfðu því engar ráðstöfunartekjur. Þau höfðu afar lítið fyrir stafni á daginn en stefndi spilaði tölvuleiki og horfði á sjónvarpið löngum stundum og ef hann fór út úr húsi neitaði hann stefnda og dóttur þeirra að koma með sökum þess hve hverfið sem þau byggju í væri hættulegt. Stefnandi bannaði stefnda einnig að eiga samskipti við aðra en fjölskyldumeðlimi og vildi ekki að stefnandi færi svo mikið sem út á svalir íbúðarinnar eða ætti í samskiptum við nágranna þeirra. Þá gerði stefndi grín að áformum stefnda um frekara nám sem og framtíðaráformum hennar um að gera eitthvað markvisst með líf sitt.

Stefnandi gerði margar tilraunir til að fá stefnda til að snúa aftur til Íslands í samræmi við það sem upphaflega hafði verið að stefnt þegar ferðin til Brasilíu var ákveðin en stefndi kom ætíð með einhverjar afsakanir fyrir því að ekki væri réttur tími til flutninga. Stefnandi sagði stefnda jafnframt að hann kærði sig ekki um að búa á Íslandi þar sem stefnandi gæti fengið að ganga um frjáls ferða sinna.

Stefnandi bjó á þessum tíma við mikla andlega kúgun af hálfu eiginmanns síns og afar bága fjárhagslega stöðu. Hún gat af þessum sökum ekki tekið af skarið og ákveðið að koma sjálfri sér og barninu úr þessum ömurlegu aðstæðum. Þegar stefnda barst bréf frá Þjóðskrá Íslands þess efnis að staðfesta þyrfti heimilisfang barnsins á Íslandi notaði hún tækifærið og sagði að ef hún færi ekki með barnið heim yrðu þau hvort tveggja af barnabótum og sjúkratryggingum fyrir barnið. Var um að ræða einu fjárhagslegu innkomu fjölskyldunnar. Stefnandi vildi allt til gera svo þau misstu ekki þessi réttindi og kom hann ásamt stefnda og dóttur þeirra hingað til lands í byrjun nóvember 2013. Aðilar dvöldu hjá foreldrum stefnda í Borgarfirði, nokkrum kílómetrum frá Borgarnesi. Fljótlega eftir komu fjölskyldunnar til Íslands tilkynnti stefnandi stefnda að hún ætlaði ekki að snúa aftur til Brasilíu. Stefnandi brást afar illa við og hélt marga reiðilestra yfir stefnda vegna þessa, þar sem hann sakaði hana meðal annars um að eyðileggja líf sitt og fjölskyldunnar.

Að kvöldi annars dags jóla árið 2013, tæpum mánuði eftir að fjölskyldan kom til Íslands, veiktist dóttir aðila af barkabólgu og hósta. Stefnandi, sem enn var afar reiður vegna ákvörðunar stefnda þess efnis að flytja ekki aftur til

Brasilíu, varð mjög æstur þetta kvöld og taldi stefnandi hegðun stefnda fyrst tilkomna vegna veikinda barnsins. Stefnandi sagði að ekki væri hægt að treysta heilbrigðiskerfinu hér á landi og sagðist jafnframt viss um að eitthvað alvarlegt amaði að barninu. Stefnandi hafði samband við lækni í Borgarnesi sem vildi fá að skoða stúlkuna. Faðir stefnda keyrði aðila með barnið til læknis og kom til harðra orðaskipta milli stefnda og föður stefnda á leiðinni. Stefnandi hringdi í lögregluna og sagði að verið væri að reyna að drepa sig. Fór hann fram á það við lögregluna að hann yrði sóttur í Borgarnes og fluttur til Keflavíkur en lögreglan hafnaði þessum kröfum stefnda. Við komu aðila til Borgarness fór stefnandi ásamt föður sínum með barnið til læknis en stefndi fór sjálfur á lögreglustöðina í þeim tilgangi að fá aðstoð við að komast til Keflavíkur og hélt því enn fram að foreldrar stefnda ætluðu að ráða sig af dögum. Að lokinni læknisskoðun á dóttur aðila fóru stefnandi og faðir hennar á lögreglustöðina að ná í stefnda. Stefnandi þvertók fyrir að koma með þeim aftur og gisti á hóteli umrædda nótt en stefnandi greiddi fyrir dvöl hans þar. Daginn eftir þessa uppákomu pakkaði stefnandi dóti stefnda niður og ók með það til stefnda þar sem hann dvaldi enn á hóteli í Borgarnesi. Það var í síðasta skipti sem stefnandi hitti stefnda en dóttir aðila hitti föður sinn síðast 26. desember 2013. Stefnandi frétti af því í gegnum kunningja sína að stefndi hefði dvalið í Keflavík í mánuð áður en hann yfirgaf landið og fór til Brasilíu.

Frá því að stefndi sneri aftur til Brasilíu hefur samband hans við dóttur sína verið afar stopult. Aðilar notuðu til að byrja með tölvuforritið Skype til samræðna og voru samskiptin fyrst um sinn dagleg, án þess að nokkur regla væri þar á varðandi tímasetningu og lengd samtala. Stefnandi kvartaði undan því að ekki væri hægt að treysta á að stefnandi væri með barnið við tölvuna þegar honum hentaði og stakk stefnandi þá upp á að samskiptin yrðu á ákveðnum dögum, þrisvar í viku á milli klukkan 18 og 20. Sætti stefndi sig ekki við þá tímasetningu vegna þess hve langt væri liðið á daginn á umræddum tíma og barnið orðið þreytt. Stefnandi lagði þá til að samskiptin yrðu klukkan 15:30. Stefnandi gat ekki fallist á það heldur og tók í framhaldinu upp á því að svara ekki skilaboðum frá stefnda þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hennar til að ná á stefnda svo barnið gæti átt samskipti við föður sinn. Frá því á haustmánuðum 2014 hafa lítil sem engin samskipti verið milli aðila, stefnandi hefur fylgst grannt með því hvort stefndi sé með Skype forritið opið og hefur reglulega látið vita af sér og gefið stefnda kost á að eiga samskipti við dóttur sína en slíkar tilraunir hafa lítinn árangur borið. Foreldrar stefnda hafa ekki haft nokkur samskipti við barnið frá því að fjölskyldan fór til Íslands í lok árs 2013. Þó hefur faðir stefnda ítrekað sent tölvupósta til stefnda eftir að hún kom aftur hingað til lands þess efnis að ef stefnandi snúi ekki aftur til Brasilíu með barnið muni það hafa alvarlegar afleiðingar í för með sér.

Stefnandi og dóttir aðila hafa verið búsettar hjá foreldrum stefnda síðan þær komu frá Brasilíu í lok árs 2013. Stefnandi stundar nám við Menntaskólann í Borgarnesi og lýkur stúdentsprófi þaðan vorið 2016 en að stúdentsprófi loknu hyggst stefnandi fara í háskóla. Stefnandi hefur til þessa fengið mikinn stuðning frá foreldrum sínum en barnið sækir leikskóla í Borgarnesi.

Fyrir liggur sáttavottorð frá presti sem stefnandi aflaði áður en stefndi fór af landi brott, vottorð um árangurslausa sáttameðferð frá sýslumanninum í Borgarnesi sem og

bráðabirgðaurður frá sama embætti um greiðslu stefnda á einföldu meðlagi. Aðilar eiga engar sameiginlegar eignir.

Málsástæður: Á sambúðartíma aðila varð stefnandi fyrir miklu andlegu ofbeldi af hálfu stefnda. Á meðan aðilar bjuggu í Brasilíu var stefndu gert að halda sig innan dyra alla daga og mátti hún ekki eiga samskipti við nokkurn mann utan foreldra stefnda sem komu einnig illa fram við hana. Stefndi gerði ætíð afar lítið úr öllum framtíðaráformum stefnanda og reyndi eins og hann gat að draga úr sjálfstrausti hennar. Þá var stefnandi í fullkominni óvissu um það hve langan tíma þau yrðu búsett í Brasilíu og hélt stefndi henni í raun fanginni þar í tvö ár þar sem hún hafði ekkert fé á milli handanna og gat af þeim sökum ekki séð sér farborða eða komið sér til Íslands af sjálfsdáðum. Er ljóst að hjónaband þeirra er liðið undir lok og er stefnanda nauðsynlegt að fá dóm um skilnað þar sem ekki hefur tekist að ná samningi um skilnað eða forsjá við stefnda. Hefur lögmaður ítrekað reynt að fá stefnda til samræðu um lok hjúskapar og forsjárfyrirkomulag en án árangurs. Þá reyndi sýslumaðurinn í Borgarnesi einnig að ná sambandi við stefnda en án árangurs. Hefur stefndi þannig ekki svarað erindum varðandi skilnaðinn og því nauðsynlegt að höfða mál þetta til úrlausnar á hjúskaparmálum aðila sbr. 2. mgr. 41. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993 sem og forsjá dóttur þeirra. Stefndi telur að það sé dóttur sinni fyrir bestu að hún fari ein með forsjá hennar. Hún bendir á að skv. 2. mgr. 34. gr. barnalaga nr. 76/2003 sem og 3. gr. laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013 beri dómara að láta hagsmuni barnsins ráða við ákvörðun um forsjá þess. Stefndi telur sig mun hæfari til að fara með forsjá stúlkunnar og gæta hagsmuna hennar varðandi uppeldi og umönnun. Mikill stöðugleiki ríkir í lífi barnsins í umsjá stefnanda og góð tengsl eru á milli mæðganna. Stefndi bendir á að barnið hafi ekki hitt föður sinn frá því í lok árs 2013 og að margir mánuðir hafa nú liðið án þess að barnið hafi verið í nokkrum samskiptum við hann. Þá er alls óvíst um það hvaða aðstæður stefndi geti boðið barninu upp á í heimalandi sínu. Stefndi bjó um tíma inni á foreldrum sínum við afar bágar aðstæður og hafði ekki einu sinni rúm til að sofa í. Óvíst er um búsetu hans í dag þar sem ekki hefur tekist að ná sambandi við hann vegna birtingar stefnunnar. Þá er jafnframt ekkert vitað um atvinnumál stefnda, fjárhagsstöðu hans eða hvort hann hefur yfirhöfuð áhuga á að hafa barnið hjá sér og ala það upp. Stefndi segir fjölskyldu stefnda ekki hugsa um hagsmuni barnsins og að uppeldislegar aðstæður á heimili þeirra séu afar slæmar þar sem foreldrar stefnda rífast stöðugt og umhverfið sé barninu ekki þroskavænlegt. Þá sé ljóst að faðir stefnda hafi hagsmuni barnsins ekki að leiðarljósi þegar hann sendir stefnanda ítrekaðar hótanir í tölvupósti. Því er stefnanda nauðsynlegt að fara ein með forsjá dóttur sinnar.

Stefndi, lögmaður stefnanda og sýslumaðurinn í Borgarnesi hafa ítrekað reynt að ná sambandi við stefnda til úrlausnar á málinu en án árangurs. Þegar útséð var með slíka lausn var ítrekað reynt að ná sambandi við stefnda svo hann gæti upplýst um heimilisfang sitt og þannig hvar birta mætti honum stefnu. Hafa þær tilraunir engan árangur borið. Því er stefnanda nauðsynlegt að birta stefnu í Lögbirtingablaði sbr. a. lið 1. mgr. 89. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Lagarök: Krafa stefnanda um skilnað að borði og sæng stýðst við ákvæði 2. mgr. 41. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993. Krafa stefnanda um forsjá stúlkunnar byggist einkum á 34. gr., sbr. 28. gr. barnalaga nr. 76/2003, 3. gr. laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013, barnalögum í heild svo og meginreglum þeirra og undirstöðurökum. Um varnarþing vísast til 37. gr. barnalaga. Stefndi byggir kröfur sínar um meðlag úr hendi stefnda á 5. mgr. 34. gr. barnalaga sem og ákvæði barnalaga um framfærsluskyldu foreldra skv. 53. gr. sbr. 6. mgr. 57. gr. Um málsmeðferð málsins gilda ákvæði VI. kafla barnalaga. Krafa um málskostnað er byggð á 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og um virðisaukaskatt vísast til laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, þar sem lögmönnum er gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni. Stefndi er ekki virðisaukaskattskyld og því ber henni nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum.

Sönnunargögn og skýrslugjöf fyrir dómi: Við þingfestingu málsins mun stefndi leggja fram gögn til stuðnings kröfum sínum. Um gagnaöflun er vísað til 42. gr. barnalaga nr. 76/2003. Stefndi áskilur sér rétt til þess að leggja fram sönnunargögn máli sínu til stuðnings, bera fram nýjar málsástæður og hafa uppi andmæli allt til þess að mál er dómtekið sbr. 41. gr. barnalaga. Ennfremur áskilur stefndi sér þann rétt að kalla aðila fyrir og eftir atvikum vitni ef það má verða til þess að upplýsa dóminn um aðstæður stúlkunnar sem og aðila þessa máls.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist nefndum, Lucas Carneiro Valencio, kt. 270488-4719, líklega búsettum í Brasilíu, fyrir héraðsdómi Vesturlands, Bjarnarbraut 8, Borgarnesi, hinn 16. júní 2015 er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og til að leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má hann búast við því að útivistardómur gangi í málinu. Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 5. maí 2015.

F. h. stefnanda,

Helga Vala Helgadóttir hdl.

(2015008796

Lögbirtingablað,

47. tölublað 2015.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn í Vík,

Anna Birna Þráinsdóttir.